

REGLUR

um framkvæmd hæfismats forstjóra og stjórnarmanna Íbúðaláanasjóðs.

I. KAFLI

Almennt.

1. gr.

Gildissvið.

Reglur þessar gilda um forstjóra og stjórnarmenn Íbúðaláanasjóðs. Með forstjóra er átt við einstakling skv. 8. gr. laga nr. 44/1998 um húsnæðismál. Með stjórnarmönum er átt við aðalmenn og varamenn í stjórnum.

2. gr.

Hæfi.

Forstjóri og stjórnarmenn skulu uppfylla þær hæfiskröfur sem gerðar eru til þeirra í lögum um húsnæðismál.

Forstjóri skal jafnframt uppfylla hæfisskilyrði II. kafla laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

3. gr.

Tilkynning um nýjan forstjóra eða stjórnarmenn.

Íbúðaláanasjóður skal tilkynna Fjármálaeftirlitinu, fyrirfram ef hægt er, um skipan og síðari breytingar á forstjóra og stjórnum. Skila skal til Fjármálaeftirlitsins eftirfarandi gögnum eigi síðar en fjórum vikum eftir skipun nýrra stjórnarmanna eða ráðningu forstjóra:

- a. Upplýsingagjöf forstjóra og stjórnarmanna Íbúðaláanasjóðs samkvæmt spurningalista Fjármálaeftirlitsins.
- b. Yfirlýsingi í tengslum við mat á hæfi framkvæmdastjóra og stjórnarmanna fjármála-fyrirtækja samkvæmt skjali Fjármálaeftirlitsins.
- c. Ferilskrá.
- d. Staðfestingu á starfsréttindum, ef við á.
- e. Upplýsingum um fjárhagsstöðu, m.a. um heildareignir, skuldir yfir 2 milljónum króna, tekjur, gjöld, ábyrgðir, veðsetningu eigna til þriðja aðila, vanskil og annað sem forstjóri eða stjórnarmaður telur að skipt geti máli við mat á fjárhagslegu sjálfstæði samkvæmt eyðublaði Fjármálaeftirlitsins.

Fjármálaeftirlitið getur óskað eftir frekari gögnum en að framan greinir ef það er nauðsynlegt vegna mats á hæfi aðila.

Ef upplýsingar samkvæmt framangreindu eru ófullnæggjandi að mati Fjármálaeftirlitsins getur það leitt til þess að ekki verði unnt að leggja mat á hæfi aðila og fer um það samkvæmt 18. gr. reglna þessara.

II. KAFLI

Hæfisskilyrði.

4. gr.

Mat á hæfi.

Mat á hæfi felst annars vegar í yfirferð yfir skrifleg gögn og hins vegar munnlegu hæfismati þegar það á við, sbr. IV. og V. kafla reglna þessara.

Yfirferð yfir skrifleg gögn, sbr. I. kafla reglna þessara, felst m.a. í athugun á því hvort aðili uppfylli skilyrði 8. gr. a. laga um húsnæðismál um:

- a. lögræði,
- b. óflekkað mannord,
- c. að hafa ekki á síðustu fimm árum verið úrskurðaður gjaldþrota,

- d. að hafa ekki á síðustu 10 árum hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað í tengslum við atvinnurekstur,
- e. fjárhagslegt sjálfstæði,
- f. menntun,
- g. nægilega þekkingu og starfsreynslu,
- h. að hafa ekki sýnt af sér háttsemi sem gefur tilefni til að draga í efa hæfni aðila og
- i. að ekki séu til staðar þær aðstæður sem kveðið er á um í 3. og 4. mgr. 8. gr. a. laga um húsnæðismál.

5. gr.

Dómur í tengslum við atvinnurekstur.

Forstjóri og stjórnarmenn mega ekki í tengslum við atvinnurekstur hafa hlotið dóm á síðustu 10 árum fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum, samkeppnislögum, lögum um hlutafélög, lögum um einkahlutafélög, lögum um bókhald, lögum um ársrekninga, lögum um gjaldþrotaskipti o.fl. og ákvæðum laga um staðgreiðslu opinberra gjalda, svo og sérlögum sem gilda um aðila sem lúta opinberu eftirliti með fjármálastarfsemi, þ. á m. lögum um húsnæðismál.

Með dómi í tengslum við atvinnurekstur er átt við að aðili hafi sem starfsmaður, stjórnarmaður, eigandi, verktaki eða vegna annarra tengsla við atvinnurekstur hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt þeim lögum sem tilgreind eru í 1. mgr.

6. gr.

Menntun.

Forstjórar og stjórnarmenn skulu hafa lokið háskólaprófi sem nýtist í starfi.

Með háskólaprófi sem nýtist í starfi er átt við að aðili hafi aflað sér fræðilegrar þekkingar sem tengist starfsemi, uppbryggingu eða rekstri fyrirtækja.

Fjármálaeftirlitið getur veitt undanþágu frá menntunarkröfum sýni aðili fram á að hann hafi aflað sér reynslu og þekkingar sem nýtist í starfi hans fyrir Íbúðalánasjóð. Í því sambandi er m.a. litið til fyrri stjórnarsetu og fyrri starfa aðila og þeirrar þekkingar sem hann hefur aflað sér.

7. gr.

Starfsreynsla.

Forstjóri og stjórnarmenn skulu búa yfir nægilegri starfsreynslu til að geta gegnt stöðu sinni á tilhlýðilegan hátt, m.a. hafa þekkingu á fjármálamörkuðum og þeirri starfsemi sem Íbúðalánasjóður stundar.

8. gr.

Háttsemi.

Forstjóri og stjórnarmenn mega ekki hafa sýnt af sér háttsemi, athöfn eða athafnaleysi, sem gefur tilefni til að draga megi í efa hæfni þeirra til að standa fyrir traustum og heilbrigðum rekstri eða að líkur séu til að þeir muni hugsanlega misnota aðstöðu sína eða skaða Íbúðalánasjóð.

Við matið er m.a. litið til háttsemi aðila sem kynni að rýra trúverðugleika hans og skaða orðspor Íbúðalánasjóðs ef opinber væri. Jafnframt er höfð hliðsjón af fyrri afskiptum Fjármálaeftirlitsins vegna starfa aðila eða vegna starfsháttar eftirlitsskylds aðila sem hann var í forsvari fyrir eða bar ábyrgð á.

9. gr.

Mat á hagsmunaaárekstrum.

Stjórnarmenn Íbúðalánasjóðs mega hvorki eiga sæti í stjórn annars eftirlitsskylds aðila samkvæmt lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi eða aðila sem er í nánum tengslum við hann né vera starfsmenn eða endurskoðendur annars aðila samkvæmt lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi eða aðila í nánum tengslum við hann, sbr. 3. mgr. 8. gr. a. laga um húsnæðismál.

Stjórnarmenn í Íbúðalánasjóði mega ekki sinna lögmannsstörfum fyrir fjármálfyrirtæki, sbr. 4. mgr. 8. gr. a. laga um húsnæðismál.

Starfsmönnum Íbúðaláanasjóðs er ekki heimilt að sitja í stjórn sjóðsins, sbr. 4. mgr. 8. gr. a. laga um húsnæðismál.

III. KAFLI
Mat á fjárhagslegu sjálfstæði.
 10. gr.

Fjárhagslegt sjálfstæði.

Forstjóri og stjórnarmenn skulu vera fjárhagslega sjálfstæðir, sbr. 2. mgr. 8. gr. a. laga um húsnæðismál. Við mat Fjármálaeftirlitsins á fjárhagslegu sjálfstæði er litið til eftirfarandi atriða:

- a. Að eiginfjárstaða sé jákvæð.
- b. Að tekjur standi undir afborgunum af skuldum og framfærslu.
- c. Að skuldir, ábyrgðir gagnvart þriðja aðila og veðsetning eigna séu ekki þess eðlis að efast megi um óhæði gagnvart lánveitanda/kröfuhafa og það sé líklegt til að hafa áhrif á störf hans fyrir Íbúðaláanasjóð. Við mat á því hvort aðili teljist háður öðrum er horft til þess hvort skuldbindingin, með hliðsjón af árstekjum, teljist veruleg. Undanskildar skuldbindingar samkvæmt þessum lið eru hefðbundin lán sem standa almenningi til boða t.d. íbúðalán, bílalán og námslán.
- d. Annarra atriða en að framan greinir er varða fjárhagsstöðu eða fjárhagsskuldbindingar og máli geta skipt að mati Fjármálaeftirlitsins.

11. gr.
Mat á fjárhagslegu sjálfstæði.

Aðili telst fjárhagslega sjálfstæður ef hann uppfyllir skilyrði allra stafliða 10. gr.

Ef aðili uppfyllir ekki skilyrði a- eða b-liðar 10. gr. er litið til eiginfjárstöðu og tekju- og greiðsluflæðis til framtíðar með tilliti til þess hvort aðili geti staðið við skuldbindingar sínar.

Við mat á c-lið 10. gr. er litið til þess hvort líkur séu til þess að aðili yrði ítrekað vanhæfur til að taka þátt í afgreiðslu mála að teknu tilliti til ákvæða laga, reglna og annarra viðmiða þar að lútandi, sbr. 3. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 eftir því sem við á.

Með öðrum atriðum skv. d-lið 10. gr. er átt við atriði sem hafa veruleg áhrif á fjárhagslegt sjálfstæði aðila, þ. á m. atriða sem leiða til ítrekaðs vanhæfis aðila, sbr. 3. mgr.

IV. KAFLI
Mat á þekkingu forstjóra.
 12. gr.

Munnlegt hæfismat forstjóra.

Forstjóri skal undirgangast munnlegt hæfismat innan sex vikna frá því að hann uppfyllti þær hæfiskröfur sem fram koma í II. og III. kafla reglna þessara að mati Fjármálaeftirlitsins.

Munnlegu hæfismati er ætlað að kanna hvort forstjóri búi yfir nægilegri þekkingu til að geta gegnt stöðu sinni á tilhlýðilegan hátt. Í munnlegu hæfismati er m.a. könnuð þekking aðila á þeirri starfsemi sem Íbúðaláanasjóður stundar, þekking á lögum og reglum á fjármálamarkaði, reiknings-skilum, endurskoðun og almennum viðskiptalegum og stjórnnunarlegum þáttum.

Við framkvæmd hæfismats forstjóra getur Fjármálaeftirlitið notið aðstoðar utanaðkomandi aðila, s.s. við mat á þekkingu aðila.

13. gr.
Boðun forstjóra í munnlegt hæfismat.

Til hæfismats skal boðað skriflega með að minnsta kosti tveggja vikna fyrirvara og tilgreina hvaða efni verður til umræðu. Boðuðu hæfismati verður ekki frestað nema sýnt sé fram á að ríkar ástæður liggi fyrir og almennt ekki lengur en um eina viku.

14. gr.

Niðurstaða munnlegs hæfismats forstjóra.

Fjármálaeftirlitið leggur mat á hvort forstjóri hafi í munnlegu hæfismati sýnt fram á nægilega þekkingu til að geta gegnt starfi sínu á tilhlýðilegan hátt.

Fjármálaeftirlitið tilkynnir forstjóra og stjórn Íbúðaláanasjóðs skriflega um niðurstöðu hæfismats innan tveggja vikna frá framkvæmd þess.

15. gr.

Endurtekning munnlegs hæfismats forstjóra.

Hafi forstjóri að mati Fjármálaeftirlitsins ekki sýnt fram á fullnægjandi þekkingu á því efni sem var til umræðu í hæfismati er honum gefinn kostur á að endurtaka munnlega hæfismatið innan fjögurra vikna frá því að niðurstaðan liggur fyrir.

Hæfismat verður einungis endurtekið einu sinni, nema sérstök rök leiði til annars.

V. KAFLI

Mat á þekkingu stjórnarmanna.

16. gr.

Munnlegt hæfismat stjórnarmanna.

Fjármálaeftirlitið metur hvort stjórnarmenn skuli gangast undir munnlegt hæfismat.

Við framkvæmd hæfismats stjórnarmanna getur Fjármálaeftirlitið notið aðstoðar utanaðkomandi aðila, s.s. við mat á þekkingu aðila.

Ákvæði IV. kafla reglna þessara gilda eftir því sem við á um munnlegt hæfismat stjórnarmanna.

VI. KAFLI

Mat á hæfi.

17. gr.

Hæfisskilyrði uppfyllt.

Telji Fjármálaeftirlitið að aðili uppfylli hæfisskilyrði laga um húsnaðismál og ákvæði reglna þessara tilkynnir það aðila og stjórn Íbúðaláanasjóðs skriflega um niðurstöðu sína.

18. gr.

Hæfisskilyrði ekki uppfyllt.

Telji Fjármálaeftirlitið að aðili uppfylli ekki hæfisskilyrði laga um húsnaðismál og ákvæði reglna þessara eða ef ekki er unnt að leggja mat á hæfi aðila samkvæmt 3. mgr. 3. gr. reglna þessara tilkynnir það aðila og stjórn Íbúðaláanasjóðs skriflega um niðurstöðu sína ásamt rökstuðningi.

Aðila sem uppfyllir ekki hæfisskilyrði laga um húsnaðismál og reglna þessara er óheimilt að gegna starfi forstjóra eða tak að tilkynna það til Fjármálaeftirlitsins án tafar en eigi síðar en innan tveggja vikna frá breytingunum. Hafi aðili hafið störf getur Fjármálaeftirlitið krafist þess að aðili láti af störfum, ýmist tímabundið eða til frambúðar. Ef kröfum Fjármálaeftirlitsins er ekki sinnt innan hæfilegra tímamarka getur Fjármálaeftirlitið einhliða vikið aðila frá störfum, sbr. 4. mgr. 10. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

19. gr.

Viðvarandi mat á hæfi.

Forstjóri og stjórnarmenn skulu á hverjum tíma uppfylla hæfisskilyrði laga um húsnaðismál og ákvæði reglna þessara.

Verði breytingar á áður veittum upplýsingum sem geta haft áhrif á hæfi aðila ber honum að tilkynna það til Fjármálaeftirlitsins án tafar en eigi síðar en innan tveggja vikna frá breytingunum.

Fjármálaeftirlitið getur á hverjum tíma tekið hæfi forstjóra og stjórnarmanna til sérstakrar skoðunar, svo sem ef háttsemi þeirra í störfum fyrir Íbúðaláanasjóð gefur tilefni til eða ef veigamiklar breytingar verða á umfangi, störfum, rekstri eða lagaumhverfi sjóðsins.

Nr. 181

6. febrúar 2013

VI. KAFLI

Gildistaka.

20. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar eru settar með heimild í 2. mgr. 8. gr. a. laga um húsnaðismál nr. 44/1998 og öðlast þegar gildi.

Fjármálaeftirlitnu, 6. febrúar 2013.

Unnur Gunnarsdóttir.

Halldóra E. Ólafsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 27. febrúar 2013